


Ferðapjónusta og virkjanir sem gerendur í byggðapróun

Anna Dóra Sæþórsdóttir
Prófessor í ferðamálafræði
Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra
30. mars 2017
Þjóðminjasafni Íslands

Ferðamenn í millilandaferðum í heiminum

milljónir
ferðamanna



(UNWTO 2017)

Ferðapjónustan gegnir mikilvægu hlutverki í þróun byggðar víða um heim

- Atvinnusköpun, tekjuöflun, betri nýting innviða (Sinclair, 1998; Deller, 2010; Chou, 2013)
- Stuðlar (víða?) að betri dreifingu fjármagns (Proenca & Soukiazis 2008; Deller, 2010)
- Getur stutt við ýmsa aðra atvinnuvegi (t.d. landbúnað, fólksflutninga, garðyrkju, framleiðsluiðnað) (Proenca & Soukiazis, 2008; Kadiyali & Kosová, 2013)



Hrafnabjargafoss í Skjálfandaflljóti

Rammaáætlun

Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Landssvæðum skipt í vernd eða orkunýtingu

1. áfangi: 1999-2003

2. áfangi: 2004-2010

3. áfangi: 2013-2017

Fjórir faghópar:


1. Náttúra og menningarminjar

2. Auðlindanýting önnur en orkunýting (**ferðamennska, útivist**, landbúnaður og veiði)


3. Félagsleg áhrif

4. Efnahagsleg áhrif (á þjóðarhag)

Fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands




Hlutdeild atvinnugreina í gjaldeyristekjum




(Hagstofa Íslands, 2017)

Vaxandi orkuframleiðsla



Fjöldi launþega í ferðapjónustu og stóriðju 2008–2016

Fjöldi launþega



13% launþega


- 30% á landsbyggðinni
- 70% á höfuðborgarsvæðinu

2,7% launþega

- 57% á landsbyggðinni
- 43% á höfuðborgarsvæðinu

(Hagstofa Íslands, 2017)

Rýra virkjanir möguleika ferðapjónustunnar
til að efla byggð í landinu?



Viðmælendur

| | Skagafjörður | Reykjavík | Skaftárheppur | Þingeyjar-sýsla | Akureyri | Bláskóga-byggð | Grindavík | Alls |
|-----------------------------|--------------|-----------|---------------|-----------------|----------|----------------|-----------|-----------|
| Gisting og ferðir | 8 | 1 | 3 | | | 2 | | 14 |
| Rútu-/jeppaferðir | | 7 | | 3 | 3 | | | 13 |
| Gisting | 4 | | 2 | 3 | | 3 | | 12 |
| Gönguferðir | 1 | 4 | | | 2 | | | 7 |
| Söfn/upplýsingar | 2 | | 2 | | | 1 | 1 | 6 |
| Bíl- og gönguferðir | | 4 | 1 | | | | 1 | 5 |
| Hestaferðir | 1 | 1 | | 1 | 1 | | | 4 |
| Annað (t.d. flúðasiglingar) | 3 | | | | | | 1 | 4 |
| Alls | 19 | 17 | 8 | 7 | 6 | 6 | 3 | 65 |

Eigindlegt sjónarhorn



- Viðtölin endurspeglar sýn einstaklinga á “veruleikann”
 - Sú sýn er félagslega mótuð (socially constructed) og ræðast af því hvernig einstaklingar upplifa heiminn sem aftur ræðst af reynslu þeirra og hvernig þeir túlka hana

(Edmund Husserl 1859 – 1938)

- Greining: Kódun/lyklun:
 - Viðtölin greind með það að markmiði að finna megin þemu, hvað er líkt/ólíkt og finna mynstur

(Strauss & Corbin, 1998)

Er fólksfækkun áhyggjuefni í sveitarfélaginu?

Ef þú hefðir spurt mig um þetta fyrir fjórum árum hefði ég sagt já, en ég myndi hins vegar segja nei í dag því ferðapjónustan er bara að vaxa það mikið... að í raun og veru vantar bara fólk í störf og heilsársstörf hérna til þess að leysa það.

Þessi mikli vöxtur sem hefur verið í ferðapjónustunni undanfarin ár hefur gert það að verkum að fólk getur haldið áfram að búa á sínum stað og jafnvel er unga fólkið, sem var flutt á mölina, farið að koma heim aftur og það er frábært að sjá. Þannig að ég myndi nú segja að ferðapjónustan hefur sannarlega eflt byggðina.

Viðmælandi í Skaftárhreppi

Stóðliðja og ferðapjónusta

Það hefur verið fólksfækkun á Norð-Austurlandi eða í gömlu Þingeyjarsýslu. Við væntum þess að nú sé viðsnúningur vegna verkefna á Bakka, en það er náttúrlega fleira að gerast. Hér víða um sveitir er vonandi að draga úr eða hætta fólksfækkunin vegna þess að tækifærin í alls kyns ferðapjónustu eru að verða meiri.

Viðmælandi í Þingeyjarsveit

Árstíðarsveiflur

Á örfáum árum hefur þetta breyst alveg ótrúlega... bara á fimm til sex árum hefur orðið algjör bylting í því að reka ferðaþjónustufyrirtæki vegna þess að tíminn hefur lengst... high season er orðin alveg frá maí og fram í október, bara alveg linnulaust.

Viðmælandi í Skaftárhreppi

Aðalvandinn er þessi árstíðasveifla en á móti kemur að við sjáum að það er gríðarleg fjölgun á ferðafólki inn í Ísland þannig að tímaspurningin er sko hvenær færast þetta út á land og ég held að það sé að sumu leyti undir okkur sjálfum komið.

... þegar fer að þrengja meira að Gullna hringnum og á Suðurlandinu, og ég tala nú ekki um ef það kemur beint flug á Norðurland, að þá verður gríðarleg aukning á þessari leið.

Viðmælandi í Þingeyjarsveit

Atvinnusköpun

... ég stofnaði þetta pínulitla fyrirtæki fyrir fimm árum síðan og hér vinna í dag yfir 70 manns í fullu starfi og eftir eða í lok þessa árs verða hérna um 140 manns í fullu starfi.

Viðmælandi á Akureyri

...Auðvitað myndu virkjunarframkvæmdar koma með alveg gríðarlega mikla atvinnu inn í sveitarfélagið en nota bene, til hvað, fjögurra til sex ára á meðan á uppbyggingartíma stendur... Þannig að heilsársstörf sem eftir liggja til framtíðar eru kannski takmörkuð, ein til tvær stöður. Á meðan eitt blómlegt hótél í rekstri hefur að bera 30–40 starfsmenn.

Viðmælandi í Bláskógabyggð

Árekstrar orkuvinnslunnar við ferðapjónustuna

Ástæður þess að greinarnar fara illa saman er að báðar nýta þær náttúruna sem auðlind en orkuframleiðslan rýrir gildi hennar til náttúruskoðunar fyrir ferðamenn.

Viðmælandi í Reykjavík

Þetta eyðileggur ímynd Íslands og skerðir ferðapjónustuhagsmunina, þessi stóriðjuuppbygging.

Viðmælandi í Skagafirði

Manngerðara land => breyting á markhópum

Markhópar ferðamannastaða breytast þar sem er virkjað.... baráttan um þann markhóp er harðari því er meiri samkeppni. Eftir því sem að sérstæða landsins minnkar því erfiðara er að fá náttúruáhugamenn hingað.

Viðmælandi í Þingeyjarsveit

Ljósmengun spillir fyrir norðurljósaferðum

Við förum í margar norðurljósaferðir frá Mývatnssveit en að fara eitthvað í nágrenni við Kröflu kemur ekki til greina. Það er gríðarleg ljósmengun frá Kröflu.... Ég sá gervitunglamyndir sem sýndu að Krafla gefur frá sér meiri birtu í janúar heldur en Húsavík...

Ef Þeistareykir eiga að vera með jafn mikla ljósamengun, þá verða Þeistareykir ekki staður fyrir norðurljósaferðir, þrátt fyrir beinan, breiðan og mokaðan veg og í rauninni góða uppbyggingu, fyrir ferðapjónustu.

Viðmælandi í Norðurþingi

Áhrif á flúðasiglingar

Hér [í Skagafirði] eru Austari-Jökulsá og Vestari-Jökulsá sem eru bestu ár landsins, jafnvel í Evrópu, til flúðasiglinga...Jökulsá eystri sú eina á landinu þar sem hægt er að fara í tveggja daga siglingu....



Ef þær virkjunarhugmyndir sem hér eru uppi yrðu að veruleika myndu þær skerða eða útiloka möguleika til flúðasiglinga... Ferðapjónustan á svæðinu er ein samhangandi heild, þetta er samtengt allt meira og minna. Stór hluti gistingar á svæðinu til kominn vegna flúðasiglinga... ef að fólk hætti að koma í rafting ... þá auðvitað dregst allt saman... Þarna yrði kippt stoðum undan ferðapjónustunni í héraðinu með þessu.

Viðmælandi í Skagafirði

Virkjun í lagi en ekki á miðhálandinu

Við eigum að draga svona einhvern hring hérna... Og þarna er ég sérstaklega að tala um óbyggðir, og hálandið og óbyggðir eins og þær ná niður að einhverjum byggðarmörkum og draga þar stóra línu og segja „stofnum þjóðgarð“ eða segja „þetta er svæði sem við ætlum að hugsa alveg sérstaklega vel um“.

Viðmælandi í Þingeyjarsveit

Óvissan hamlandi

Vandamálið er að á meðan þessi svæði eru í gíslingu virkjunarframkvæmda þá hugsar enginn um að byggja eitthvað upp, af því þú veist að einn daginn gæti það bara verið ónýtt. Fjárfestingin bara út um gluggann! ... það er enginn að horfa á Fjallabak, það er enginn að horfa á hálendið í heild sinni og hugsa hvernig væri best að byggja þetta upp í tengslum við ferðaþjónustuna.

Viðmælandi í Reykjavík

Farsæl sambúð

Já, auðvitað getur þetta [raforkuframleiðsla og ferðapjónusta] farið saman, að sjálfsgöðu getur þetta alveg unnið saman eins og landbúnaður og sjávarútvegur.

Ég sé engar hættur... ekki fyrir stærsta hlutann sem er að koma hérna og t.d. almenningur í Ameríku er ekkert að spá í það hvort einhver einn hérna lítill foss, tiltölulega óþekktur, hefur minnkað.

Viðmælandi í Grindavík

Það er fullt af ferðamönnum að skoða stífluna fyrir austan. Gufan og heita vatnið heillar líka alveg rosalega, fólk er rosalega spennt fyrir að virkja og hvernig heita vatnið er nýtt. Þetta er bara... ég held að það fari alveg rosalega margir á Nesjavelli og Hellisheiði til að skoða.

Viðmælandi í Bláskógabyggð

Aðdráttarafi virkjana

Þeim [ferðamönnum] finnst mjög áhugavert hvernig við erum að nýta orkuna. Og bæði þessar... eins og í Búrfellsvirkjun, það er mjög skemmtileg sýning þar. Og síðan hafa allar þessar smávirkjanir út um allt land vakið athygli, þar sem menn eru að virkja bæjarlækinn.

Viðmælandi í Bláskógabyggð

Heimsóknir í virkjanir eru ekki tilgangur ferðarinnar nema kannski hjá fámennari hóp heldur eru þær meira svona add-on - rjóminn ofan á.

Viðmælandi í Reykjavík

Aukið samtal

Þar er kominn beinn og breiður vegur en notagildi ferðaþjónustunnar á Kárahnjúkasvæðinu eru mjög takmarkað vegna þess að samtál ferðaþjónustunnar og byggingaraðilanna þarna var nánast ekkert.

Viðmælandi í Skútustaðahreppi

...alveg skýr vilji til þess að ræða betur saman. Það er alla vega af okkar hálfu, Samtökum ferðaþjónustunnar... Ég hef enga trú á öðru en að þessir aðilar geti unnið saman og menn þurfa bara að nálgast þetta á jafningjagrunni...

Viðmælandi í Reykjavík

Brothættur business

Ég myndi kannski bara ekki stilla því upp þannig að þetta séu einhverjir andstæðir pólar. Við vitum að bæði áliðnaður eða stóriðja er brothættur business út frá því hvernig markaðir þróast...

Ferðapjónustan er enn þá brothættari atvinnugrein, það þarf ekki mikið úr lagi að ganga til þess að það verði algjört hrun í ferðapjónustu á Íslandi... Skaftáreldar stóðu nú yfir í rúmlega heilt ár og lömuðu nánast alla Norður-Evrópu... Hvað ef það gerist? Hvað yrðu mörg hótél komin á hausinn á annarri viku, ha?

Viðmælandi í Skaftárhreppi

Niðurstöður

- Ótal fleiri atriði... hvert renna tekjurnar, skipulag, umhverfismál, húsnæði, aðkomufólk blandast lítið við samfélagið sem fyrir er
- Huglægur veruleiki ferðaþjónustuaðila
 - Ferðamenn almennt á móti virkjunum á stöðum sem ekki hefur verið virkjað á (Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl., 2015)
 - En: 87% ferðamanna sem fóru um svæðið í kringum Blönduvirkjun tóku ekki eftir þeim virkjunarmannvirkjum sem eru á svæðinu (Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl., 2016)
- Brýn þörf á heildrænni landnýtingaráætlun fyrir ferðaþjónustuna á sama hátt og unnið hefur verið með orkuauðlindirnar í rammaáætlun
 - Ferðaþjónusta er flókin, dýnamísk og sundurleit atvinnugrein og því mikil áskorun að móta heildstæða stefnu
- Markmiðið að ferðaþjónustan efli byggðir með því að stuðla að bættum lífsgæðum íbúanna

Þakkir


- Georgette Leah Burns og Laufey Haraldsdóttir kennarar við Háskólann á Hólum tóku viðtölin í Skagafirði
- Guðmundur Björnsson doktorsnemi í ferðamálafræði við HÍ tók öll önnur viðtöl
- Anna Mjöll Guðmundsdóttir aðjúnt í ferðamálafræði við HÍ afritaði viðtölin og aðstoðaði við greiningu þeirra

Húsnæðisskortur

Akkílesarhællinn er það að okkur vantar húsnæði... við höfum bullandi vinnu, vantar mikið af fólki en það vantar húsnæði, það er stóra málið. Það er vöxtur í ferðapjónustunni sem hefur í raun skapað þann vanda. Öll hús og allt sem hefur losnað hefur eiginlega bara verið keypt upp af ferðapjónustuaðilum fyrir starfsfólk og þeir eru að leigja bústaði og allt mögulegt bara til að hafa fólk og svo er svo mikið flutt inn af vinnuafli.

Viðmælandi í Skútustaðarhreppi

Þróun íbúafjölda á búsetusvæðum viðmælenda



- Hefðbundnir íbúar
 - Eigendur frístundahúsa
 - Farandverkafólk
 - Ferðamenn
 - (fjárfestar)
 - (opinberar stofnanir)
- háð tíma (dvalarlengd) og tengslum við samfélagið
 - haga sér mismunandi / ferðast mismunandi um svæðið
 - og nota mismunandi auðlindir

Ljósmengun spillir fyrir norðurljósaferðum

Við förum í margar norðurljósaferðir frá Mývatnssveit en að fara eitthvað í nágrenni við Kröflu kemur ekki til greina. Það er gríðarleg ljósmengun frá Kröflu.... Ég sá gervitunglamyndir sem sýndu að Krafla gefur frá sér meiri birtu í janúar heldur en Húsavík...

Ef Þeistareykir eiga að vera með jafn mikla ljósamengun, þá verða Þeistareykir ekki staður fyrir norðurljósaferðir, þrátt fyrir beinan, breiðan og mokaðan veg og í rauninni góða uppbyggingu, fyrir ferðapjónustu. Þá verður þetta ekki staður fyrir norðurljósaferðaþega.

Viðmælandi í Norðurþingi

Framtíðin liggur í ferðaþjónustunni

Vinsældir Íslands eiga bara eftir að aukast ef við náum að varðveita náttúruna, upplifunina og kyrrðina því þetta er bara orðið á færri og færri stöðum í heiminum þar sem þú getur komið í svona stórt land þar sem eru fáir og þú bara allt í einu upplifir þig einan. Það er bara tilfinning sem margir í Evrópu eða Asíu eða Ameríku þekkja ekki.

Viðmælandi í Þingeyjarsveit

Hellisheiðarvirkjun: víti til varnaðar

Hengilssvæðið... mér finnst það vera víti til varnaðar. Það hefur alveg gríðarleg sjónræn áhrif og þau rök að það komi í staðinn að menn geti farið og horft á einhverjar fallegar þrívíddarsýningar í einhverju stöðvarhúsi eru náttúrlega bara algjörlega absúrd svar við náttúruspjöllum.

Nesjavallavirkjun er miklu meira... contained, það eru ekki pípur út um allt eins og þetta hafi orðið fyrir einhverri sprengjuárás. Hellisheiðarvirkjun er bara eins og hún sé algjörlega stjórnlaus, það eru bara pípur út um allt og lokaðir vegir.



Betra upplýsingaflæði

- Ég kom þarna [Nesjavallaleið] núna í vetur og þá var búið að setja niður skilti og ég held að það tengist þessu að það varð þarna slys þar sem fólk keyrði á pípuna, það kom gat á hana. En í staðinn fyrir að reyna að varna því... að setja upp vegrið eða eitthvað svoliðis, þá koma bara lokanir. Og þarna er dæmi þar sem ferðapjónusta og virkjunarkostur fer mjög vel saman.

Ég er ekkert á móti því að það eigi að nýta eitthvað af þessu en ekki of mikið, það verður bara alltaf að reyna að bremsa og segja hingað og ekki lengra

Við þyrftum alltaf að passa okkur á því að taka ekki of mikið af víðerninu í burtu. Því það þrengir alltaf að, eftir því sem við tökum meira, það er alveg morgunljóst, sko.

Aukin ferðamennska og aukin raforkuframleiðsla geta farið saman á vissum svæðum... ferðapjónustan nýtur góðs af af vegalagningunni vegna virkjananna

Þróun byggðar

Sum byggðarlög væru gjörsamlega.... ja, væru bara eiginlega í auðn ef þau væru ekki ferðamannastaður. Þetta er að breytast t.d. eins og í Mývatnssveit eða Vík í Mýrdal, Öræfasveit... Það hefur hægt á fólksfækkuninni vegna þess að í sveitum víða eru að spretta upp gistihús hingað og þangað og eins og til dæmis ungt fólk sem var flutt á mölina, það sér núna einhver tækifæri til að gera eitthvað.


Viðmælandi í Skaftárhreppi

Það var talað um að það yrði lyftistöng fyrir svæðið... alla Austfirðina meira eða minna, en svo eru áhrifin mjög lókal. Næstum því öll [ferðapjónustu] fyrirtækin sem tóku þátt í þessari uppbyggingu fóru á hausinn og fyrirtækin sem voru stofnuð, eins og bílaleigur sem áttu að njóta góðs af þessari starfsemi, fóru bara á hausinn. Áhrifin af þessu... ef þetta hefði einhvern veginn allt blómstrað... í framhaldinu af þessu, þá hefði ég sagt OK, þetta þurfti til þess að byggja upp og láta Austfirðina blómstra, en þeir hafa alls ekkert gert það út af þessu... alls ekki... Þannig að manni finnst... maður upplifir þetta eins og ör eftir slys.

- Viðmælandi á Norðurlandi taldi orkuframleiðslu betri leið fyrir landið í heild sinni en ferðapjónustu: „Ábyggilega raforka betri... Einhvern veginn er það kannski minna áberandi að framleiða rafmagn heldur en... troðandi milljónum manna hér“.


- „Mér finnst að við eigum að vernda... mér finnst að það eigi að vera landslagsheildir sem við bara ákveðum að við ætlum ekki að snerta, hvorki fyrir ferðapjónustu né virkjanir.“

Proposed power production



- Proposed hydro power plants
- Proposed geothermal power plants
- Proposed wind farms

Íbúafjöldi í sveitarfélögum þremur sem urðu fyrir mestum áhrifum af Kárahnjúkavirkjun og Fjarðaráli




- Einn viðmælandi á Norðurlandi talaði um að ferðapjónustan gæti í raun þrífist með hvaða annarri atvinnugrein sem er: „Uppbyggingin í ferðapjónustu er oft hliðarafurð af einhverju öðru. Hún er hliðarafurð af sjávarútvegi, hún er hliðarafurð af orkuuppbyggingu og hún er hliðarafurð af hinu ýmsu. Ferðapjónustan er náttúrlega þannig að hún getur lagað sig að nánast öllu“.

- Einnig var bent á að: „með hverri nýrri virkjun sem kæmi væri gengið á sérstöðu landsins og þrengt að starfsemi ferðaþjónustufyrirtækjanna“. Viðmælanda í Reykjavík fannst raforkuframleiðsla vinna gegn ferðaþjónustunni: „Þetta stangast mikið á, þetta er bara eins og að ætla að vera á hvalveiðum í firðinum þar sem þú ert í hvalaskoðun, það gengur ekki upp, það bara passar ekki saman

Fjöldi gistinguáttanna eftir landshlutum árið 2015

Þúsundir gistinguáttanna



Fleiri tóku í sama streng eins og ... svo getur maður aftur velt fyrir sér, 120 störf [á Bakka] plús einhver afleidd störf. Fjárfestingin er x í einhverju veldi sem ég hef ekki hugmynd um hver er en það er einhver býsna há tala. Ég er sannfærður um það að það hefði verið hægt að búa til þessi 120 störf fyrir minni pening í ferðapjónustu... Væntanlega lægri laun, mögulega lægri laun, mögulega náttúrlega minna að gera í uppbyggingunni en sko, það er mikilvægt að menn horfi svona á þessa hluti svolítið sko í samhengi.

Viðmælandi í Norðurþingi

- Annað dæmi var nefnt af Eldvörpum á Reykjanesi þar sem ferðapjónustuaðili hafði verið með gönguferðir frá Reykjanesvita, um Eldvörp og þaðan yfir í Bláa Lónið.
- Nú er þessi ferð eiginlega ónýt. Núna er búið að gefa framkvæmdaleyfi... Ég er að fara á ferðaráðstefnu í Berlín í mars. Á ég að nenna að selja þessa ferð? Það er rosaleg orka og peningur sem fer í... og ég er búin að eyða fullt af krafti í þetta svæði ...þá er búið að eyðileggja það núna fyrir mér. Alla þá markaðssetningu, þá vinnu og allt það sem ég lagði í Eldvörpin... Ég er að prenta út eitthvað efni og gera heimasíðu og maður er bara að eyða pening, tíma og orku... Þetta dregur úr manni... Algjörlega.

Fórarkostnaður

Ég tel að til langs tíma sé fórarkostnaðurinn of hár. Að fara að leggja hér undir lónstæði eða vindmyllugarða... Þá held ég að tekjur, annars vegar fasteignagjöld af stöðvarhúsi, nú eins og nýfallinn hæstaréttardómur varðandi Háslón kveður á um, að menn geti haft einhvers konar fasteignagjaldstekjur af lónstæðum, séu ekki það stórkostlegar í samhenginu, nei. Hins vegar veit ég það, hér horfa menn til þess, að þarna séu bara öruggar einhverjar x milljónir á ári og þá er þessu gjarnan stillt upp í samanburði við rekstur leikskólans, eða samanburði við rekstur grunnskólans, og ég hef alveg skilning á samanburði manna þegar þeir eru að reyna að bera þetta saman en... langtímaáhrifin dreifast á fleiri og víðar í ferðapjónustunni. Hún er orðin langstærsta atvinnugreinin þó að enginn þori að segja það eða tala um það upphátt.

Viðmælandi í Skaftárhreppi

- Það byggist upp hérna kerfi og infrastrúktúr fyrir þjóðfélagið sem er mjög erfitt að reka fyrir 300.000 manna samfélag þannig að með ferðamenskunni þá er svo margt... t.d. bara rekstur sundlauga í Reykjavík. Að fá milljón ferðamenn aukalega til þess að koma og borga sig inn í sundlaugarnar, það gerir rekstrarkostnaðinn og býður upp á að það sé hægt að halda og auka þjónustuna við innfædda og þá sem búa hérna allt árið.

Vöxtur ferðapjónustunnar

Þetta [ferðapjónustan] er orðin aðalatvinnugreinin hérna, þetta er komið upp fyrir bæði landbúnað og garðyrkjuna. Ferðapjónustan er orðin númer eitt hjá okkur, auðvitað misjafnt eftir sveitarfélögum, það er mest hérna uppi í Bláskógabyggð og meira eða minna hjá hinum líka. Það er alveg gríðarleg breyting hérna undanfarin ár og algjör stökkbreyting síðastliðin tvö ár.

Viðmælandi í Bláskógabyggð

Illá launuð störf í ferðapjónustu?

Þetta er láglounasvæði, það er stóra vandamálið ef fólk er að sækjast í einhver alvöruloun, og drifkrafturinn í ferðapjónustu og garðyrkjunni og allri svona verkamannavinnu eru orðnir útlendingar.


Viðmælandi í Bláskógabyggð

Við erum með hóp af vel menntuðu fólki sem sinnir skrifstofustörfum og þjónustustörfum hérna í fyrirtækinu og síðan erum við með mjög vel þjálfaða leiðsögumenn sem eru ekki láglounafólk þannig að þessi umræða t.d. að öll ferðapjónustustörf séu láglounastörf á bara ekki við um þetta fyrirtæki.

Viðmælandi á Akureyri

Ferðamenn í millilandaferðum í heiminum

milljónir
ferðamanna



- Ferðapjónusta skapar rúmlega 10% af vergri landsframleiðslu í heiminum
- 1/11 af störfum í heiminum eru í ferðapjónustu
- ferðapjónustan er þriðja stærsta útflutningsgrein heims

(UNWTO 2017)

Ákvarðanir um landnýtingu,
hvort sem er til orkuvinnslu eða náttúruskoðunar,
munu hafa áhrif á landsbyggðina sem og ferðapjónustuna víða um land

